

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga
vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs, sbr. 1. mgr., skal miðast við tekjur sjóðsins samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs að teknu tilliti til hugsanlegra leiðréttinga á tekjum hans samkvæmt fjárákálögum næst liðins árs.

2. gr.

Síðari másl. 2. mgr. 3. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.